

ÁLALIND 2 KÓPAVOGI FYRIRSPURN TIL SKIPULAGSFULLTRÚA



Undirritaður Ellert Már Jónsson sótti um leyfi til að reisa svalaskýli
á 5.hæð í Álalind 2
Byggingarfulltrúi sendi tölvupóst þar sem kemur fram að
SHS og byggingarfulltrúi sjái ekki annmarka á
slíkri framkvæmd

Álalind 2A 25071573 íb. 0503, Stutt lýsing á Inbox x



Sigurbjartur Halldórsson - aðstoðarbyggingarfulltrúi <sigurbjartur@kopavogur.is>
to me ▾

Aug 14, 2025, 5:15 PM ☆ ☺ ↶ ⋮

Álalind 2A 25071573 íb. 0503, Stutt lýsing á framkvæmdinni. Sótt er um byggingarheimild fyrir svalaskýli á hluta af vestursvölum íbúðar 0503 í Álalind 2. Byggingaráformin hafa verið kynnt íbúum hússins. Allir hafa tekið mjög vel í þessa hugmynd og skrifað undir teikningu sem sýnir vel fyrirhugað svalaskýli. Meðfylgjandi er skönnuð teikning með undirskriftum íbúa og einnig rafpóstur frá eigendum sem ekki höfðu tök á að skrifa á teikninguna. Undirritaður hefur teiknað fjölda svalaskýla (t.d. nýlega á Hrauntungu 91, Kópavogi) og ávallt lagt mikinn metnað í að útfæra þau á smekklegan hátt. Í þessu tilfelli verða litur prófíla í samræmi við lit á gluggum í Álalind 2 og stærðir glugga í samræmi við aðra glugga hússins. Jákvæð umsögn frá SHS, engi ath. frá byggftr. Samþykki meðeiganda liggur fyrir.
höf. Ellert Már Jónsson 8983312 ellertmarjonsson@gmail.com sent á hönnuð 14082025.

Undirritaður taldi málið í höfn enda óskaði Sigurbjartur mér til hamingju með málalyktan þegar ég hafði samband við hann næst. Þá hafði ég óvænt fengið umsögn skipulagsfulltrúa þar sem lagt er til að umsóknin um byggingarleyfi verði synjað.

Í umsögninni er vísað í aðalskipulag. Þetta aðalskipulag er samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 28. SEPTEMBER 2021

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, sem auglýst var samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 28. september 2021 og afgreitt til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.

Teikningar af Álalind 2 eru samþykkar 17.mars 2017 og á því það aðalskipulag ekki við í þessu tilfelli.

Í deiliskipulagi fyrir svæðið segir

Í 17. og 18. grein í almennum ákvæðum deiliskipulags fyrir reit tvö kemur eftirfarandi fram um svalalokanir:

17. SVALIR.

Heimilt er að gera ráð fyrir svalalokunum og skal þá gert ráð fyrir þeim í aðalteikningum, þær byggðar samtímis íbúðarhúsum og gerðar að mestu gegnsæjar.

18. ÞAKSVALIR.

Þaksvalir eru almennt heimilaðar á þaki bygginga sem nemur allt að helmingi grunnflatar þaks sem stendur til ráðstöfunar. Gera má ráð fyrir skjólveggjum á þaksvölum og skulu þeir vera gegnsæir. Ekki er heimilt að gera svalalokanir á efstu hæðum húsa.

Samkvæmt deiliskipulagi er ljóst að fyrrgreint svalaskýli fæst ekki samþykkt nema að deiliskipulagi fyrir Álalind 2 verði breytt á þann veg að slík framkvæmd yrði leyfð

Deiliskipulagið er frá árinu 2009 og er barn síns tíma.

Undirritaður og eigendur íbúðar 0503 óska því eftir að fá leyfi til að breyta deiliskipulaginu fyrir húsið þannig að umrætt svalaskýli geti verið samþykkt það eru fordæmi fyrir deiliskipulagsreytingu á þessari lóð

Þess er að geta að ALLIR eigendur íbúða í Álalind 2 eru hlynntir fyrirhuguðu svalaskýli og þar með að opna möguleika á öðrum svalaskýlum í húsinu Einnig má nefna að umferðargnýr frá Reykjanesbraut er mikill og moldrok frá „óreiðusvæði“ vestan við Álalind 2. Þetta á við um alla vesturhlið hússins frá toppi til tólar

Svalir íbúðar 0503 nýttast ekki sem skyldi og fallett svalaskýli myndi gjörbreyta nýtingunni á svölunum og íbúðin öll verða öflugri og fallett en nú er

Skipulag eru fyrir fólkið og eðlilegt er að hægt sé að breyta t.d. deiliskipulagi þegar almennur hugur er fyrir slíku. Deiliskipulagið er mannana verk sem mannlegur máttur getur breytt að vild

Undirritaður og eigendur óska eftir fundi með skipulagsstjóra Kópavogs þar sem við fáum tækifæri til að færa rök fyrir ósk okkar um leyfi til að leggja fram breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Álalind 2